

Nr. 086 / 14 Faxi RE 9***Skipverji slasast við hífingar***

Skipaskr.nr. 1742 IMO nr. 8612378
Smíðaður: Póllandi, 1987 stál
Stærð: 892,8 brl. 1411 bt.
Mesta lengd: 66,74 m Skráð lengd: 60,29 m
Breidd: 11 m Dýpt: 8 m
Vél: Wärtsilä 4140 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 13



Faxi©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfredsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. september 2014 var Faxi RE 9 við veiðar með flottroll á Austfjarðamiðum. Veður: SV 11 m/s og ölduhæð 3 m.

Eftir að dælingu lauk úr síðasta hali túrsins var fiskidælan hífð í sæti á þilfarinu og stóðu tveir skipverjar að því að stýra henni niður í sætið. Dælan stóð föst öðru megin á rekkverki sætisins og annar þeirra ýtti við henni en sökum veltings skipsins losnaði dælan skyndilega svo skipverjinn náði ekki að kippa að sér höndinni. Við það klemmdist úlnliður vinstri handar á milli dælunnar og rekkverksins.

Slasaði leitaði læknis þegar komið var til löndunar á Vopnafirði og síðar til sérfræðings í handarmeinum.

Við rannsókn kom fram:

- að fiskidælan er geymd á milli notkunnar í grind stjórnborðsmegin við mið lestarlúgu á þilfarinu. Grindin er hringlaga en hringurinn er rofin með opi út til stjórnborða þar sem stútur dælunnar fer um;
- að slasaði sagði að það þurfi að stýra dælunni niður í sætið og þá sérstaklega ef það sé veltingur og hafi þeir verið tveir við þetta ásamt kranamanni. Bæði kranamaður og samstarfsmaður tóku undir að það þurfi að stýra stútnum og dælunni í sætið í veltingi. Hann hafi runnið til á þilfarinu og í því losnaði um dæluna sem skaust úr festunni áður en hann náði að kippa að sér hendinni;

- að skipstjóri sagði að alþekkt sé að þegar hlutir gangi ekki alveg strax þá hlaupi menn til að ýta og stýra. Mennt eigi ekki að vera með hendur í þessu því það hafi alltaf gengið að hífa dæluna í sæti. Skipstjóri sagði að það hafi ekki verið gefið út formlega að varast að vera með hendur á dælunni nema við að stýra stút hennar inn í klofann í hringnum;
- að vélstjóri sagði að eftir slysið hafi hann breytt sætinu í klofanum undir stútnum og væri nú meiri rýmd við stútinn og minni hættu á því að hendur klemmist þarna.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu